

9 góð ráð um forvarnir gegn stafrænu ofbeldi

9 fagleg ráð til samstarfsfólks, stjórnenda og trúnaðarmanna um hvernig við komum við í veg fyrir stafræna áreitni. Og hvernig við tryggjum við að unnið sé úr atvikum þannig að starfsfólk finni stuðning.

- Ræðum opinskátt um vandann:** Með því að tala opinskátt um stafræna áreitni sem vinnuumhverfisvanda verður það vandi vinnustaðarins í heild en ekki aðeins þeirra sem lenda í henni. Mikilvægt er að opinská umræða um áhættuþætti í vinnuumhverfi eins og árekstra, hótanir, áreitni og líkamlegt ofbeldi verði hluti af menningu vinnustaðar.
- Náum sameiginlegum skilningi:** Við þurfum að taka sameiginlega ákvörðun um áreitni er ekki umborin og að við sýnum henni ekkert umburðarlyndi (eða algjört umburðarleysi) (zero-tolerans). Vinnustaðurinn þarf að skilgreina hvað hugsanlega er umborið og hvenær skrifleg ummæli eru hótanir, áreitni t.d. fordómar) eða árás (t.d. hatursorðræða).
- Lærum að taka skjáskot:** Allir þurfa að kunna að taka skjáskot því hægt er að eyða meiðandi ummælum sekúndum eftir að þau eru send út. Engu að síður geta þau náð töluverðri útbreiðslu. Skjáskot má nýta sem sönnunargagn.
- Ræðum um notkun samfélagsmiða og stafrænna tækja:** Vinnustaðurinn þarf að komast að niðurstöðu og setja sér stefnu um hvort og/eða hvenær við komum fram sem þeir sérfræðingar sem við erum í vinnunni á samfélagsmiðlum (opinberum vettvangi) og hvort við eigandi sé að opna vinnupóst í frítíma sínum.
- Ábyrgðarsvið og sérverkefni:** Liggja þarf ljóst fyrir hver gerir hvað þegar upp koma neyðaratvik og að allt starfsfólk þekki sitt hlutverk og verklag.
- Tilnefnum tengilið:** Mikilvægt er að allt starfsfólk viti til hvers á að leita þegar upp koma atvik. Tengiliður þarf að þekkja einkenni stafrænnar áreitni, reglur og viðbrögð og vera meðvitaður um það sem getur gerst eða er í gangi.
- Atvikaskráning:** Höfum það sem reglu að skrá alla stafræna áreitni. Tilkynningatölvupóstfang t.d. stafrænareitni@skoli.is er æskilegt eða að hafa þetta hluta af hefðbundinni atvikaskráningu sem fram fer í skólanum svo bæði þolendur og vitni geti tilkynnt meiðandi ummæli, bæði afrit af tölvuósti og skjáskot á auðveldan máta.
- Stuðningur við samstarfsmanninn:** Allt starfsfólk þarf að vita hvaða stuðning og hjálp þolandi stafrænnar áreini þarf t.d. sálræna skyndihjálp, sálfræðiaðstoð, tæknilega aðstoð við að fjarlægja meiðandi ummæli eða taka af þeim skjáskot og hver fylgir ef ummæli varða við lög.
- Forvarnir og félagslegt áhættumat:** Forvarnaráætlun og félagslegt áhættumat þarf að ná yfir stafræna áreitni og ofbeldi. Mikilvægt er að til séu virkar viðbragðsáætlanir um hvert og eitt einelti, líkamlega áreitni, kynferðislega og kynbundna áreitni og stafræna áreitni.

